

STJÓRNARTÍÐINDI B 17 – 1992

25. mars 1992

249

Nr. 104

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð fyrir Íslenskar getraunir nr. 518/1991.

1. gr.

1. og 2. mgr. 6. gr. orðist svo:

Kappleikir á getraunaseðlinum fara að jafnaði fram einu sinni í viku eftir nánari ákvörðun Íslenskra getrauna og AB Tipstänst í Svíþjóð.

Getraunavika telst frá mánudagsmorgni þar til fyrsti leikur á getraunaseðlinum hefst. Sé ekki um annað getið nær getraunaumferð yfir tímann frá því fyrsti leikur á getraunaseðlinum hefst þar til síðasta leik á getraunaseðlinum er lokið. Leyfilegir leikdagar í getraunaumferð eru gefnir upp í blaði sem Íslenskar getraunir gefa út í hverri viku.

2. gr.

13. gr. orðist svo:

Á skrifstofu Íslenskra getrauna er heimilt að skila röðum á sérstöku tölvutæku formi. Þátttakendur geta útbúið sér getraunaraðir með aðstoð einmenningstölva og skilað röðunum á skrifstofu íslenskra getrauna.

Á þáttökukvittun skal koma fram raðafjöldi ásamt öryggisnúmeri sem er í samræmi við hið beinlínutengda sölukerfi.

3. gr.

14. gr. orðist svo:

Allri sölu í getraunaleiknum skal hætt minnst 5 mínútum áður en fyrsti leikur getraunaumferðar hefst. Þó skal þátttakendum gefinn kostur á að ógilda þátttöku sína næstu 5 mínútum eftir að sölu hefur verið lokað, en aldrei lengur en þar til fyrsti leikur á getraunaseðlinum er hafinn.

4. gr.

18. gr. orðist svo:

Íslenskum getraunum er heimilt að starfrækja aukaleik jafnhliða hefðbundnum getraunaleik, eitt sér eða í samvinnu við erlend getraunafyrirtæki. Stjórn Íslenskra getrauna skal þá ákvarða fjölda kappleikja sem þátttakendur geta sér til um úrslit á. Ákvörðun um verð getraunaraðar, skiptingu vinninga og fjölda vinningsflokka skal einnig ákvarðast af stjórn félagsins en þó þannig að a.m.k. 40% heildarsölu skuli varið til vinninga skv. gr. 20.1.

Íslenskar getraunir skulu auglýsa vinningshlutfall, fjölda vinningsflokka og skiptingu milli vinningsflokka í blaði sem félagið gefur út og segir til um kappleiki umferðarinnar skv. 6. gr.

Íslenskum getraunum er heimilt að starfrækja „hópleik“ jafnhliða hefðbundinni starfsemi. Stjórn félagsins setur reglur um starfrækslu hópleiksins. Þátttaka í hópleiknum veitir ekki rétt til peningaverðlauna.

5. gr.

Við 19. gr. bætist ný málsgrein eftir 3. mgr. sem orðist svo:

Við sérstök tilefni þegar skortur er á kappleikjum á getraunaseðilinn er félaginu heimilt að láta úrslit sérstakra leikja gilda eins og staðan er í hálfleik annarsvegar og síðan einnig að leik loknum. Þessir leikir skulu vandlega merktir á blaði sem félagið gefur út um leiki getraunaumferðarinnar.

6. gr.

Í 28. gr. falli niður orðin: og gildir til mánudagsins 6. apríl 1992.

7. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. lögum um getraunir, nr. 59 29. maí 1972, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 25. mars 1992.

Þorsteinn Pálsson.

Jón Thors.

REGLUGERÐ

um afnám veiðibanna fyrir Suðurlandi.

1. gr.

Með reglugerð þessari er felld úr gildi reglugerð nr. 461 1. október 1991 um bann við tog- og dragnótaveiðum við Ingólfshöfða og reglugerð nr. 525 13. nóvember 1991 um bann við tilteknum veiðum í Eyrarbakkabug.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 19. mars 1992.

F. h. r.

Árni Kolbeinsson.

Jón B. Jónasson.